

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands fyrir þjónustu hjúkrunarheimila sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2019 og eru án sammings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskráin tekur til þjónustu við sjúkratryggða íbúa hjúkrunar- og dvalarrýma á vegum hjúkrunarheimila og stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum og eru án sammings við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ).

2. gr.

Íbúar hjúkrunarheimila.

Íbúar hjúkrunarheimila eru sjúkratryggðir einstaklingar sem færni- og heilsumatsnefnd hefur metið að séu í þörf fyrir dvöl í hjúkrunar- eða dvalarrými samkvæmt reglugerð nr. 466/2012 um færni og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma.

3. gr.

Hjúkrun í hjúkrunarrýmum.

Innifalin í daggjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari er hvers konar þjónusta sem heimilismönnum er látin í té á hjúkrunarheimilum og stofnunum, sbr. reglugerð nr. 1238/2018 um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra vegna dvalar í hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2019 og sem eru án sammings við Sjúkratryggingar Íslands.

4. gr.

Umfang þjónustu.

Umfang þjónustu skv. gjaldskrá þessari er ákveðið sérstaklega fyrir hvert og eitt hjúkrunarheimili. Tegund og hámarksfjöldi hjúkrunar- og dvalarrýma hvers hjúkrunarheimilis er tilgreindur í fylgiskjali I.

Hjúkrunarheimili getur að hámarki fengið þóknun fyrir eina dvöl á sólarhring í hverju rými, sbr. fylgiskjal IV. Miðað er við að framboð dvalar- og hjúkrunarrýma sé sem jafnast yfir árið. Greiðslur SÍ vegna öldrunarþjónustu eru þannig ákveðnar út frá heimildum um fjölda dvalarrýma og fjölda hjúkrunarrýma ásamt fjölda ársnotenda hjúkrunarþjónustu í hjúkrunarrýmum sem veitt er á grundvelli skráningar í RAI-gagnagrunn. Með ársnotanda er átt við einstakling sem fær hjúkrunarþjónustu í hjúkrunarrými í samræmi við RUG-hjúkrunarþyngdarstuðul í eitt ár á grundvelli skráningar í RAI-gagnagrunninn. Tveir einstaklingar sem fá þjónustu hvor um sig í hálfu ári teljast þannig einn ársnotandi.

Hjúkrunarheimili er heimilt að taka einstakling í dvöl, til viðbótar við hámarksfjölda rýma, sbr. fylgiskjal I, ef fleiri rými með rekstrarleyfi eru til staðar á hjúkrunarheimilinu en gjaldskrá þessi tekur til. Slíkt er án greiðsluþátttöku SÍ.

5. gr.

Heildarverð – gjaldskrá.

Heildarverð fyrir þjónustuna er tilgreint í eftirfarandi gjaldskrá. Innifalin eru öll gjöld og annar kostnaður hjúkrunarheimila vegna þjónustunnar, að undanskildum stofnkostnaði og fleiru vegna húsnæðis, sbr. gjaldskrárskýringu fyrir húsnæðisgjald.

Gjaldskrá:

Einingarverð sammings þessa er kr. 115,65 á verðlagi fjárlaga ársins 2019.

Númer	Gjaldliður	Einingar
1.00	Dvalarkostnaður í hjúkrunar- og dvalarrými	126,36
2.00	Grunnheilbrigðisþjónusta í hjúkrunar- og dvalarrými	10,86
3.00	Hjúkrunarþjónusta (RUG 1,00) í hjúkrunarrými	126,35
4.00	Húsnæðisgjald (hámarksgjald)	20,56
5.00	Komugjald í dvalarrými	137,22
6.00	Komugjald í hjúkrunarrými (RUG 1,00)	263,57
7.00	Blóðskilun	18,47
8.00	Smæðarálag	*sjá fylgiskjal II
9.00	Álag vegna sérhæfðrar þjónustu	**sjá fylgiskjal III

* Hjúkrunarheimili sem fá smæðarálag eru tilgreind í fylgiskjali II.

** Hjúkrunarheimili og rýmafjöldi þeirra sem tilgreind eru í fylgiskjali III fá álag vegna sérhæfðrar þjónustu.

Gjaldskrárskýringar:

Um notkun gjaldskrárinnar gildir eftirfarandi:

Gjaldliður nr. 1.00. Dvalarkostnaður í hjúkrunar- og dvalarrými er sólarhringsþjónusta og þóknun fyrir hana er greidd fyrir þá daga (fjölda náttu) sem sjúkratryggður dvelur í umsömdu hjúkrunar- eða dvalarrými. Þóknuninni er ætlað að mæta öllum öðrum kostnaði vegna dvalarinnar en skilgreindri grunnheilbrigðisþjónustu, sbr. gjaldlið 2.00 og hjúkrunarþjónustu sé um hjúkrunarrými að ræða, sbr. gjaldlið 3.00.

Gjaldliður nr. 2.00. Grunnheilbrigðisþjónusta í hjúkrunar- og dvalarrými er sólarhringsþjónusta og þóknun fyrir hana er greidd fyrir þá daga (fjölda náttu) sem sjúkratryggður dvelur í umsömdu hjúkrunar- eða dvalarrými. Gjaldið fellur undir heilbrigðisþjónustu skv. reglugerð nr. 427/2013 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Gjaldliður nr. 3.00. Hjúkrunarþjónusta (RUG 1,00) í hjúkrunarrými er sólarhringsþjónusta og þóknun fyrir hana er greidd fyrir þá daga (fjölda náttu) sem sjúkratryggður nýtur hennar. Þóknunin kemur til viðbótar greiðslum skv. gjaldlið 1.00 og 2.00. Gjald í gjaldskrá miðast við hjúkrunarþyngdarstuðulinn RUG 1,00. Gjaldið sem greitt er ákvarðast af hjúkrunarþyngdarstuðli viðkomandi hjúkrunarheimilis, með tveimur aukastöfum (vegið meðaltal hjúkrunarþyngdar íbúa hjúkrunarheimilisins í RAI-mati). Greiðslur ársins 2019 miðast við þann RUG-stuðul sem heimilin fengu greitt samkvæmt á árinu 2018.

Gjaldliður nr. 4.00. Húsnæðisgjald er hámarksgjald sem miðast við 65 m² fyrir hvert rými, sbr. viðmið velferðarráðuneytisins, „Skipulag hjúkrunarheimila. Lágmarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma“. Önnur útgáfa, júní 2014. Þóknun er greidd alla daga ársins, óháð nýtingu rýmanna. Húsnæðisgjald hvers hjúkrunarheimilis er breytilegt eftir stærð og fjölda rýma, sbr. fylgiskjal I. Ef meðalstærð rýma, ásamt hlutdeild þeirra í sameiginlegu rými íbúa, er minni skerðast húsnæðisgjöldin í réttu hlutfalli við fjölda m². Húsnæðisgjald tekur til viðhalds, umsjónar, umsýslu, fasteignagjalda og trygginga vegna húsnæðis. Húsnæðisgjaldi er þannig ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiri háttar breytingum og endurbótum á húsnæði. Gjaldliður þessi tekur ekki til hjúkrunarheimila sem fá greiðslur á grundvelli samninga um byggingu og þátttöku í leigu (svokallaðri leiguleið).

Gjaldliður nr. 5.00. Komugjald í dvalarrými er sérstakt daggjald sem greitt er daginn sem íbúi kemur til dvalar í dvalarrými á hjúkrunarheimili í fyrsta skipti eða eftir langa fjarveru (45 daga eða fleiri).

Dæmi: Einstaklingur kemur í fyrsta skipti á hjúkrunarheimilið og dvelur 3 nætur. Komudaggjald er greitt daginn sem hann kemur á hjúkrunarheimilið, sbr. gjaldlið nr. 5.00. Auk þess er greitt daggjald fyrir alls 3 nætur, sbr. gjaldliði nr. 1.00 og 2.00.

Gjaldliður nr. 6.00. Komugjald í hjúkrunarrými er sérstakt daggjald sem greitt er daginn sem íbúi kemur til dvalar í hjúkrunarrými á hjúkrunarheimili í fyrsta skipti eða eftir langa fjarveru (45 daga eða fleiri). Komugjald fyrir hjúkrunarrými ákvarðast af því daggjaldi sem viðkomandi hjúkrunarheimili fær greitt skv. gjaldlið 3.00. (Sjá dæmi í gjaldskrárskýringu fyrir gjaldlið nr. 5.00).

Gjaldliður nr. 7.00. Blóðskilun er sérstakt daggjald sem greitt er vegna íbúa með langvinna nýrna-sjúkdóma þegar þeir fá meðferð vegna blóðskilunar á dag- eða göngudeild sjúkrahúss. Sjúkrahúsið greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga.

Gjaldliður nr. 8.00. Smæðarálag tekur til hjúkrunarheimila sem eru með 60 rými eða færri, að undanskildum dvalarrýmum. Smæðarálag er breytilegt eftir hjúkrunarheimilum og er greitt alla daga ársins óháð nýtingu, sjá nánar fylgiskjal II.

Gjaldliður nr. 9.00. Álag vegna sérhæfðrar þjónustu er daggjald vegna sólarhringsþjónustu og byggir á samkomulagi milli einstakra hjúkrunarheimila og velferðarráðuneytis. Þóknun er greidd fyrir þá daga (fjöldi nátt) sem sjúkratryggður dvelur í umsömdu hjúkrunar- eða dvalarrými. Yfirlit yfir fjölda rýma á tilteknum hjúkrunarheimilum sem fá álag við gildistöku samnings þessa kemur fram í fylgiskjali III.

Undantekningar frá gjaldskrá:

Daggjöld í gjaldskrá þessari eru greidd þrátt fyrir að íbúi dvelji utan heimilis í stuttan tíma, svo sem hjá aðstandanda yfir helgi eða hátíðir, enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari íbúi í hjúkrunar- eða dvalarrými á sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun til skammtímainnlagnar skal greiða 85% af gjaldi vegna hans til heimilisins eða stofnunarinnar í allt að 60 daga. Engar greiðslur eru vegna einstaklings í hvíldarrými fari hann í aðra skammtímainnlögn. Húsnæðisgjald skv. gjaldskrárlið nr. 4.00 skerðist ekki á þessu tímabili.

Við andlát íbúa eða þegar íbúi flytur fyrir fullt og allt af hjúkrunarheimili eða stofnun skal greiða fullt gjald í allt að sjö daga frá andláti eða brottför.

Ef einstaklingur í hvíldarrými andast skal greiða fullt gjald í allt að tvo daga frá andláti.

6. gr.

Greiðslur SÍ, greiðslutilhögun og uppgjör.

Hjúkrunarheimili sem starfa skv. gjaldskrá þessari skulu senda SÍ mánaðarlega reikningsupplýsingar rafrænt, er varða þjónustu sem veitt var á grundvelli gjaldskrár þessarar, mánuðinn á undan. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir færslulýsingu sem SÍ hafa samþykkt. Rafrænar reikningsupplýsingar skulu berast SÍ í síðasta lagi 10. dag næsta mánaðar.

Greiðsla fyrir veitta þjónustu skal vera tvíþætt, annars vegar mánaðarleg fyrirframgreiðsla og hins vegar staðfest uppgjör eftir hvern undangenginn mánuð. Fyrirframgreiðslan byggir á nýtingu rýma undangengis mánaðar skv. síðasta staðfesta uppgjöri, þó ekki hærrí en 95% að frádreginni áætlaðri kostnaðarþátttöku íbúa í þeim mánuði sem hún tekur til. Fyrirframgreiðslan skal innt af hendi síðasta virka dag undangengis mánaðar.

Eftir hvern almanaks mánuð skal fara fram uppgjör á grundvelli veittrar þjónustu og hámarksfjölda rýma, sbr. 1. mgr. 4. gr. Uppgjörið skal eiga sér stað fyrir 15. dag næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuðinum. Uppgjör fer fram mánaðarlega og miðast það við raunnýtingu rýma viðkomandi mánaðar, að teknu tilliti til vannýtingar eða ofnýtingar undangenginna mánaða, innan almanaksársins. Ekki er því greitt umfram 100% nýtingu á almanaksári, sbr. tilgreindan hámarksfjölda í fylgiskjali I sem uppfært er reglulega og birt á heimasíðu SÍ.

SÍ geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningsupplýsingum og ber viðkomandi hjúkrunarheimili að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að greiða með fyrirvara eða hafna greiðslu.

Um greiðslur fyrir veitta þjónustu og þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar fer samkvæmt 21., 22., 23. og 26. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, og 6. mgr. 48. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stöð í 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1184/2014 um greiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu í hjúkrunarýmum öldrunarstofnana sem eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, og reglugerð nr.

1238/2018 um daggjöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2019. Gjaldskráin, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 1240/2018, gildir frá 1. febrúar 2019.

Sjúkratryggingum Íslands, 11. febrúar 2019.

María Heimisdóttir.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal I.

**Hjúkrunarheimili.
Tegundir rýma, fjöldi rýma, húsnæðisfermetrar og
RUG-hjúkrunarstuðull hjúkrunarrýma hvers hjúkrunarheimilis.**

Hjúkrunarheimili	RUG-stuðull gjaldskrár	Húsnæðisfermetrar	Dvalarrými	Hjúkrunarrými
Droplaugarstaðir, Reykjavík	1,15	5.445	0	81
Eir, Reykjavík	1,16	10.934	0	185
Grund, Reykjavík	1,14	9.393	11	181
Hamrar, Mosfellsbæ	1,2	Leiguleið	0	33
Hjúkrunarheimilið Skjól, Reykjavík	1,2	6.608	0	107
Hrafnista, Boðarþingi, Kópavogi	1,22	2.860	0	44
Hrafnista, Hafnarfirði	1,21	13.247	16	183
Hrafnista, Ísafold, Garðabæ	1,18	Leiguleið	0	60
Hrafnista, Reykjavík	1,21	14.827	5	201
Mörk, Reykjavík	1,14	7.345	0	113
Roðasalir, Kópavogi	0,91	660	0	11
Seljahlíð, Reykjavík	1,03	1.200	0	20
Skógarbær, Reykjavík	1,15	4.181	1	81
Vigdísarholt*	1,2	4.071	0	110
Hrafnista, Hlévangur, Reykjanesbæ	1,24	1.800	0	30
Hrafnista, Nesvellir, Reykjanesbæ	1,23	Leiguleið	0	60
Barmahlíð, Reykhólum	0,96	910	2	14
Brákarhlíð, Borgarnesi**	1,17	1.859	17	37
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	1,12	1.470	1	15
Fellaskjól, Grundarfirði	0,96	735	2	10
Fellsendi, Búðardal	0,94	1.560	0	27
HVE Akranesi	1,17	Leiguleið	0	15
Höfði, Akranesi	1,17	5.870	9	65
Jaðar, Ólafsvík	1,06	832	5	12
Silfurtún, Búðardal	0,91	1.466	2	10
Dalbær, Dalvík	0,98	2.460	11	27
Grenilundur, Grenivík	1,06	765	1	8
Fjallabyggð (Hornbrekka), Ólafsfirði	1,04	1.441	5	21
Hvammur, Húsavík	1,13	6.662	9	31
Naust, Þórshöfn	0,91	621	3	11
Sæborg, Skagaströnd	1,01	900	0	9
Öldrunarheimili Akureyrar***	1,15	9.738	10	172
HSN Blönduósi		311	9	0

Hjúkrunarheimili	RUG-stuðull gjaldskrár	Húsnæðis- fermetrar	Dvalarrými	Hjúkrunarrými
HSN Sauðárkróki		565	9	0
Hulduhlíð, Eskifirði	1,03	1.200	0	20
Sundabúð, Vopnafirði	0,97	660	0	11
Uppsafir, Fáskrúðsfirði	0,96	1.444	2	19
Ás, Hveragerði	1,17	5.292	50	43
Ás, Hveragerði, geðhjúkrunarrými	1,04	2.009	0	39
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hornafirði	0,98	1.242	6	24
Hjallatún, Vík	1,05	854	0	15
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	1,05	2.388	8	29
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	1,08	2.258	3	30
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	0,93	1.105	2	17
Lundur, Hellu	1,17	1.784	2	32
Sólvellir, Eyrarbakka	0,96	528	11	8
Samtals		141.498	214	2.270

* 40 rými á leiguleið – Seltjarnarnes

** 32 rými á leiguleið

*** 45 rými á leiguleið – Lögmannshlíð

Þessar upplýsingar eru uppfærðar reglulega á vefnum sjukra.is

Fylgiskjal II.**Smæðarálág.**

Smæðarálág tekur til hjúkrunarheimila sem eru með 60 rými eða færri, að undanskildum dvalar-
rýmum. Smæðarálág er breytilegt eftir hjúkrunarheimilum og er greitt alla daga ársins óháð rýma-
fjölda. Einingarverð er í samræmi við 5. gr. gjaldskrárinnar.

Hjúkrunarheimili	Heildareiningar / dag til heimilis
Barmahlíð, Reykhólum	265,66
Brákarhlíð, Borgarnesi	159,40
Dalbær, Dalvík	212,53
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	265,66
Fellaskjól, Grundarfirði	265,66
Fellsendi, Búðardal	212,53
Fjallabyggð (Hornbrekka), Ólafsfirði	212,53
Grenilundur, Grenivík	318,80
Hamrar, Mosfellsbæ	159,40
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Hornafirði	212,53
Hjallatún, Vík	265,66
Hrafnista, Boðarþingi, Kópavogi	106,27
Hrafnista, Hlévangur, Reykjanesbæ	159,40
Hrafnista, Ísafold, Garðabæ	53,13
Hrafnista, Nesvellir, Reykjanesbæ	53,13
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	212,53
Hulduhlíð, Eskifirði	212,53
Hvammur, Húsavík	159,40
Jaðar, Ólafsvík	265,66
Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	159,40
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	265,66
Lundur, Hellu	159,40
Naust, Þórshöfn	265,66
Roðasalir, Kópavogi	265,66
Seljahlíð, Reykjavík	212,53
Silfurtún, Búðardal	265,66
Sólvellir, Eyrabakka	318,80
Sundabúð, Vopnafirði	265,66
Sæborg, Skagaströnd	318,80
Uppsafir, Fáskrúðsfirði	265,66
Vigdísarholt*	159,40

* Vegna hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi

Fylgiskjal III.**Álag vegna sérhæfðrar þjónustu.**

Álag vegna sérhæfðrar þjónustu sem byggir á samkomulagi milli einstakra hjúkrunarheimila og velferðarráðuneytis. Hjúkrunarheimili sem tilgreind eru hér að neðan fá álag vegna sérhæfðrar þjónustu í eftirtöldum rýmum. Einingarverð er í samræmi við 5. gr. gjaldskrárinnar.

	Heildarfjöldi rýma	Daggjald einingar
Droplaugarstaðir, Reykjavík, sértæk hjúkrunarrými	2	556,59
Droplaugarstaðir, Reykjavík, sértæk hjúkrunarhvíldarrými	1	556,59
Fellsendi, Búðardal, geðhjúkrunarrými	27	13,90
Eir, Reykjavík, brotaendurhæfingar hjúkrunarrými	24	86,44
Skógarbær, Reykjavík, sérhæfð endurhæfingar hjúkrunarrými	11	87,69
Sundabúð, Vopnafirði, sjúkrarými	1	47,60
Mörk, Reykjavík, sérhæfð hjúkrunarrými	30	35,52
Vigdísarholt, Kópavogi, endurhæfingar hjúkrunarrými	4	77,45
Öldrunarheimili Akureyrar, sérhæfð hjúkrunarrými	3	35,52

Fylgiskjal IV.**Tímabundin breyting til að stytta biðtíma eftir dvöl á hjúkrunarheimili.**

Umframnýting rýma sem kemur til vegna styttri skiptitíma milli einstaklinga en getið er í 2. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar skal ekki koma til frádráttar við uppgjör skv. 6. gr. gjaldskrárinnar vegna tilraunaverkefnisins á gildistíma þess. Ákvæðið á ekki við þegar um andlát í hvíðarinnlögn er að ræða eða flutning þó að nýr einstaklingur innritist í fasta heimilisdvöl. Eingöngu er um að ræða rými með 7 andláts- eða flutningsdaga.

Svo ekki komi til frádráttar skv. 6. gr. þarf hjúkrunarheimilið/stofnunin að halda skrá um útskriftar- og innskriftardaga, fjölda skiptidaga ásamt kennitölum einstaklinganna og senda í gegnum gagnagátt SÍ eigi síðar en 5. virka dag næsta mánaðar eftir hvert neðangreint tímabil:

Fyrir tímabilið 1. janúar til og með 30. júní 2019.

Fyrir tímabilið 1. júlí til og með 31. desember 2019.

Fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2020.

Uppgjör vegna ofangreindra breytinga kemur til framkvæmda við uppgjör hvers almanaksárs skv. 6. gr. gjaldskrárinnar.